

**AUGLÝSING**  
**um breytingu á aðalskipulagi Grundarfjarðar 2003-2015,**  
**hesthúsasvæðið Fákafell.**

Skipulagsstofnun staðfesti þann 7. mars 2012 breytingu á aðalskipulagi Grundarfjarðar 2003-2015, sem samþykkt var í bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar þann 9. febrúar 2012. Niðurstaða sveitarstjórnar var birt í Jökli 16. febrúar 2012.

Breytingin er fólgin í stækkun hesthúsasvæðis vestast í Grundarfirði úr 3 ha í 9 ha. Við breytinguna verða um 6 ha óbyggðs svæðis að opnu svæði til sérstakra nota. Aðkoma að svæðinu færist austar og óverulegar breytingar verða á legu reiðleiða.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsstofnun, 7. mars 2012.*

**Stefán Thors.**

---

*Erna Hrönn Geirsdóttir.*